

Grænkun Valla – Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks leggja eftirfarandi fram.

Grænkun Valla hófst árið 2014 með því að manir voru tyrfdar. Íbúar hafa kallað eftir grænni ásýnd hverfisins sem brugðist hefur verið við með ýmsum hætti síðustu ár. Umhverfis- og framkvæmdaráð leggur fram áætlun um Grænkun Valla til næstu þriggja ára. Tillögurnar verði kostnaðarmetnar og í einstaka tilfellum þarf að skoða/breyta skipulagi og/eða aflétta hverfisvernd af hrauni. Jafnframt eru lagðar fram tillögur um bætt aðgengi við Ástjörn og Ásfjall.

1. Samið verði við sérfræðing/stofu um að vinna úr þeim tillögum sem hér eru lagðar fram. Búið verði að kostnaðarmeta tillögurnar áður en næsta fjárhagsáætlun verður lög fram.
2. Græn svæði sem liggja við götur/gönguleiðir inn í hverfinu eru víða í lélegu ástandi. Nefna má að eftir er að ganga frá kantsteinum víða ásamt því að lítill sem engin gróður er á áðurnefndum grænum svæðum. Lagt er til að gerðar verði tillögur til úrbóta.
3. Svæði við Ástorg verði fegrað, innkoma á Velli er við torgið og því mikilvægt að svæðið þar í kring skapi jákvæða upplifun þeirra sem þar fara um.
4. Umferðareyjur frá Ástorgi að Vallatorgi verði skoðaðar og lagðar fram tillögur til úrbóta.
5. Settur verður trjágróðursbelti eða afmörkuð svæði með trjágróðri í allar manir við Ásbraut og Ásvallabraut. Manir við Hamranesspennustöðina verði sérstaklega skoðaðar. Bent er á samkomulag við Landsnet árið 2015 um að gróðursetja í mönina.
6. Klára þarf göngustíga og aðkomu að Ásvallalaug. Jafnframt mætti fegra umhverfi Ásvallalaugar að sunnanverðu.
7. Fegra umhverfi við Ástjarnakirkju.
8. Aflétt verði hverfisvernd af hrauni (OP13) aftan við Hraunvallaskóla. Gert verði ráð fyrir opnum leik- og útivistarsvæðum í bland við hraunið. Þessari tillögu er vísað til skipulags- og byggingarráðs til afgreiðslu.
9. Gönguleiðir í kringum Ástjörn verði bættar. Gerður verður nýr göngustígur úr Skarðshlíð sem tengist göngustíg við Ástjörn. Aðgengi að Ásfjalli verði bætt, bæði vestan og austan við fjallið.